

Opinn stjórnarfundur í Oddafélaginu haldinn fundarsal í Norræna húsinu 21. mars 2011.
12 mættu á fundinn.

Fyrir fundinn var haldinn Sæmundarstund að frumkvæði Oddafélagsins sem skipulagði og framvæmdi stundina í samvinnu við skrifstofu rektors Háskóla Íslands, Stúdentaráð Háskóla Íslands og Stúdentafélags Reykjavíkur. Dagskráin hófst með söng Háskólakórsins á Háskólatorgi en þaðan var gengið að stytta Ásmundar Sveinssonar af Sæmundi á selnum fyrir framan Aðalbygginguna. Þar sungu börn frá leikskólanum Mánagarði nokkur lög. Ávörp fluttu Jón Atli Benediktsson, aðstoðar Rektor vísinda og kennslu, Þór Jakobsson, formaður Oddafélagsins og Lilja Dögg Jónsdóttir, formaður Stúdentaráðs og lýsti hún jafnframt yfir vilja ráðsins til þess að standa fyrir árlegri Sæmundarstund við styttuna. Var vel mætt á samkomuna og þótti takast afar vel til.

Fyrir stjórnarfundinn lagði formaður fram eftirfarandi dagskrá:

1. Hugmynd að breytingu á Oddafélaginu.
2. Framhaldsaðalfundur.
3. Oddastefna í Skógum laugardaginn 7. maí 2011.
4. Greinar frá Oddastefnu 2010 í Goðastein
5. Aðalfundur í haust, dagsetning.
6. Önnur mál.

1. Formaður reifaði málin um hugmynd sína að breytingu á Oddafélaginu. Sagði hann umhverfið í Rangárþingi hafa tekið miklum breytingum frá því Oddafélagið var stofnað. Síðan þá væri tilkomin ýmis fræðasetur eins og Njálusetrið, Heklusetrið, fræðasamfélagið í Gunnarsholti, viðbætur og efling Byggðasafnsins í Skógum og Háskólafélag Suðurlands. Vildi formaður kanna hug stjórnarmanna á því að tengja hugsjónir félagsins einhverju þessara samtaka eins og t.d. Háskólafélagi Suðurlands. Vildi formaður í framtíðinni vinna Oddastefnu í nánú samstarfi við Háskólafélag Suðurland en lagði áherslu á að Oddastefna yrði áfram haldin í Rangárþingi og efni hennar fjallaði um náttúru og sögu auk þess að örva áhuga fólks á Oddastað.

Fundarfólk tók til máls og ræddi þessar hugmyndir. Þökkuðu allir formanninum fyrir hans góðu störf fyrir félagið. Drifkraftur hans væri mikill og mikil vinna sem lægi að baki stjórnartíð hans fyrir félagið og nýtur hann einnig hjálpar og hvatningu annarra Oddafélaga. Þá var einnig talað um hversu góðar Oddastefnur hefði hingað til verið og hversu mikilvægt það væri fyrir félagið og héraðið að fá erindin síðar birt í Goðasteini. Allir voru sammála um að mikil vinna lægi þó að baki undirbúningi sem alfarið hefði verið í höndum formannsins. Var mikill vilji til þess að halda áfram að halda Oddastefnur en vel væri athugandi að fá stuðning eða samstarf frá Háskólafélagi Suðurlands. Flest þau sem tóku til máls vildu varast það að hverfa inn í stærri félög af ótta við að Oddafélagið myndi í framhaldinu leggjast af. Sömuleiðis fannst flestum að Oddafélagið yrði áfram að vera staðsett og starfandi í heimabyggð. Bent var á að skoða þann möguleika að gera félagið að deild innan Háskólasamfélags Suðurlands. Þá var einnig bent á möguleika Oddafélagsins á norrænu samstarfi.

Sigurður Sigursveinsson framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands sagði frá félaginu. Það var stofnað árið 2007 og er markmið þess að auka aðgengi að háskólamenntun í samfélaginu. Sömuleiðis að styðja og verja vísindasatrafsemi, styðja við nýsköpun og efla innra hagkerfi á svæðinu. Eitt af nýlegum verkefnum félagsins var að koma að stofnun Geopark eða Jarðvangs á svæði sem nær yfir hluta V-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýlu.

Hann taldi að Oddastefna félli vel undir félagið þó hann ætti eftir að ræða þessar hugmyndir við stjórn Háskólafélagsins. Var Sigurði þakkað fyrir að koma á fundinn.

2. Ekki var talin þörf á að halda framhaldsaðalfund.

3. Framundan er Oddastefna á Skógum 7. maí. Áfram mun formaður vinna að undirbúningi og kanna um leið hvort Oddastefna rekist nokkuð á aðrar ráðstefnur sem gætu verið á svæðinu þennan sama dag.

4. Enn er formaður að safna erindum frá Oddastefnu 2010 í Goðastein 2011.

5. Ekki var ákveðið að dagsetja aðalfund að svo stöddu.

6. Ekki voru tekin fyrir önnur mál.

Fundi slitið kl. 14:00.

Guðbjörg Arnardóttir fundarritari.